

um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 128 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtufé, eftir því sem það innheimtist, sbr. 1. mgr. 4. gr., en fullnaðarskil skal Innheimtustofnunin hafa gert við Tryggingastofnun ríkisins fyrir 1. október næsta ár, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

5. gr. hljóðar svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsfaðir ekki meðlag á réttum tíma samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukuröfu, getur Innheimtustofnunin:

- 1) Krafíð kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupum eða aflahlut til lúkn-ingar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupum eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálf mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlags-skuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 2) Krafízt lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 3) Krafízt þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.
- 4) Krafízt úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
- 5) Krafízt þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaæftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.